



EFNI:

Fóstureyðingar bls.
2014 1

Ófrjósemisaðgerðir bls.
2014 2

Biðlisti eftir bls.
hjúkrunarrýmum 3

Ritstjórn

Sigríður Haraldsdóttir
sviðsstjóri, ábm.

Jónína M. Guðnadóttir

Ritstjóri

Hildur Björk Sigbjörnsdóttir

EMBÆTTI LANDLÆKNIS HEILBRIGÐISUPPLÝSINGAR

Barónsstíg 47
101 Reykjavík
Sími: 510 1900
Bréfasími: 510 1919

Netfang: mottaka@landlaeknir.is
Veffang: www.landlaeknir.is

Heimilt er að nota efni þessa
fréttabréfs, sé heimildar getið.

FÓSTUREYÐINGAR 2014

Í byrjun júnímánuðar voru [tölur um fóstur-eyðingar árið 2014](#) gefnar út á vef Embættis landlæknis. Á sama tíma voru eldri tölur endurskoðaðar og endurútgefnar.


Fóstureyðingar	
Ár	Fjöldi
2000	987
2001	967
2002	900
2003	956
2004	889
2005	868
2006	904
2007	905
2008	959
2009	981
2010	978
2011	970
2012	980
2013	966
2014	951

Á árinu 2014 var gerð 951 fóstur-eyðing á Íslandi en það eru heldur færri aðgerðir en árið 2013 þegar 966 konur gengust undir slíka aðgerð. Heildarfjöldi fóstur-eyðinga hefur haldist nokkuð stöðugur undan- farið, eða á bilinu 951–981 aðgerðir síðastliðin sjö ár. Nánari greining sýnir að á árinu 2014 voru fram-

kvæmdar 12,2 fóstureyðingar hér á landi miðað við hverjar 1.000 konur á frjósemisaldri (15–49 ára). Sem fyrr voru flestar fóstur-eyðingar gerðar á konum í aldurshópnum 20–24 ára, en 24,8 af hverjum 1.000 konum í þeim aldurshópi gengust undir fóstureyðingu árið 2014. Næstflestar fóstureyðingar voru hjá 25–29 ára konum, eða 19,9 fóstureyðingar miðað við hverjar 1.000 konur á þeim aldri (mynd 1).


Fóstureyðingum í yngsta aldurshópnum fækkar

Fóstureyðingum í yngsta aldurshópnum hefur fækkað allmikið undanfarna tvo áratugi. Árið 2014 gengust 12,4 stúlkur af hverjum 1.000 á aldrinum 15–19 ára undir fóstureyðingu. Að meðaltali voru hins vegar framkvæmdar 15,1 fóstureyðingar hjá hverjum 1.000 stúlkum í sama aldurshópi á árunum 2006–2010, 18,8 að meðaltali á árunum 2001–2005 og 21,2 á árunum 1996–2000 (mynd 2).



Mynd 1. Fóstureyðingar 2014 miðað við 1.000 konur á frjósemisaldri

Stærsti hluti þeirra kvenna sem gengist hafa undir fóstureyðingu á undanförunum árum hafa verið gengnar 12 vikur eða skemur þegar aðgerð fór fram, eða 94,4% árið 2014.



Mynd 2. Fóstureyðingar á 1.000 konur 15–19 ára

Meðgöngulengd

Í lögum um fóstureyðingar er kveðið á um að fóstureyðing skuli framkvæmd sem fyrst á meðgöngunni, helst innan 12 vikna meðgöngu. Eftir 16. viku er fóstureyðing eingöngu heimil af læknisfræðilegum ástæðum. Stærsti hluti þeirra kvenna sem gengist hafa undir fóstureyðingu á undanförunum árum hafa verið gengnar 12 vikur eða skemur þegar aðgerð fór fram, eða 94,4% árið 2014. Um 4,1% aðgerða fór fram eftir 13–16 vikna meðgöngu en einungis 1,5% eftir lengri meðgöngu en 16 vikur.

Aðgerðarstaður

Meginþorri allra fóstureyðinga á landinu fer fram á kvennadeild Landspítala. Þar voru framkvæmdar tæplega 90% allra fóstureyðinga árið 2014. Næstflestar aðgerðir voru á Sjúkrahúsinu á Akureyri (7,7%) og á Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Akranesi (2,1%).

Hildur Björk Sigbjörnsdóttir


ÓFRJÓSEMISAÐGERÐIR 2014

Á árinu 2014 voru framkvæmdar 584 ófrjósemisaðgerðir á Íslandi, 463 á körlum og 121 á konum. Það eru heldur færri ófrjósemisaðgerðir en gerðar voru árið 2013, en þá höfðu einstaklingar sem gengust undir slíka aðgerð ekki verið jafnmargir á einu ári síðan um aldamót (mynd 1).

Undanfarna áratugi hefur mikil breyting orðið á hlutfalli karla og kvenna sem gangast undir ófrjósemisaðgerðir hér á landi. Tölfræðin sýnir

að ófrjósemisaðgerðum á körlum hefur fjölgað jafnt og þétt en á sama tíma hefur dregið mjög úr slíkum aðgerðum meðal kvenna á Íslandi. Árið 2014 voru karlmenn ríflega 79% þeirra sem fóru í slíkar aðgerðir en konur tæplega 21%. Fyrir áratug voru ófrjósemisaðgerðir á körlum hins vegar tæplega 42% af heildarfjölda aðgerða og fyrir tuttugu árum voru þær einungis um 13% allra ófrjósemisaðgerða.

Ófrjósemisaðgerðir	
Ár	Fjöldi
2000	770
2001	671
2002	662
2003	629
2004	516
2005	565
2006	531
2007	496
2008	520
2009	512
2010	605
2011	582
2012	607
2013	676
2014	584



Mynd 1. Ófrjósemisaðgerðir eftir kyni

Ófrjósemisaðgerðir hafa lengi verið algengastar hjá einstaklingum í aldurshópnum 35–44 ára. Þetta á bæði við um karla og konur. Árið 2014 voru gerðar 12,9 ófrjósemisaðgerðir á hverja 1.000 karlmenn á þessum aldri en 3,7


ófrjósemisaðgerðir á hverjar 1.000 konur á sama aldri.

Hildur Björk Sigbjörnsdóttir

BIÐLISTI EFTIR HJÚKRUNARRÝMUM

Þann 1. maí 2015 voru 306 einstaklingar á [biðlista eftir dvöl í hjúkrunarrýmum](#) á landinu öllu. Aðeins eru taldir þeir sem enn hafa ekki

fengið varanlega dvöl á hjúkrunarheimili og eiga ekki flutningsmat (þ.e. eru á hjúkrunar-/dvalarheimili en hafa beðið um flutning á annað heimili).



Mynd 1. Fjöldi einstaklinga á biðlista eftir dvöl í hjúkrunarrými 2010–2015

Mynd 1 sýnir fjölda einstaklinga á biðlista eftir hjúkrunarrýmum í öllum heilbrigðis-umdæmum frá árinu 2010 til 2015. Um 65% þeirra sem biðu eftir hjúkrunarrými 1. maí 2015 voru 80 ára og eldri, eða 16,6 á hverja 1.000 íbúa á þeim aldri. Þar af voru 139 konur (19,6 á hverjar 1.000 konur 80 ára og eldri) en 61 karl (12,3 á hverja 1.000 karla 80 ára og eldri).

Á mynd 1 má einnig sjá hvernig fjöldi þeirra sem eru á biðlista eftir hjúkrunarrýmum hefur aukist jafnt og þétt frá árinu 2010. Í upphafi

árs 2010 biðu 155 einstaklingar eftir hjúkrunarrýmum (4,2 á 1.000 íbúa 67 ára og eldri) samanborið við 306 (7,9 á 1.000 íbúa 67 ára og eldri) þann 1. maí 2015.

Biðlistatölur eru fengnar úr færni- og heilsumatsskrá þar sem skráðar eru upplýsingar sem varða færni- og heilsumat. Skráning er í höndum færni- og heilsumatsnefnda sem leggja faglegt mat á dvalarþörf íbúa í því heilbrigðisumdæmi sem þær starfa. Færni- og

heilsumatsskráin inniheldur upplýsingar allt aftur til ársins 1992. Embætti landlæknis fer með faglegt eftirlit með störfum nefndanna og hefur umsjón með rekstri, viðhaldi og þróun rafrænnar skrár um dvöl í dvalar- og hjúkrunarrýmum.

Sigríður Egilsdóttir

Lilja Bjarklind Kjartansdóttir